



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. apríl 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um þingsályktunartillögu um gjaldfrjálsar tannréttingar fyrir börn. (Þingskj. 58 – 58. mál).

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar tannréttingar barna

Barnaheill þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint mál.

Samtökin fagna tillögunni, taka undir hana og hvetja til þess að hún verði samþykkt sem fyrst.

Tannréttingar eru mikilvæg heilbrigðisþjónusta við börn sem þau eiga að njóta án mismununar.

Barnaheill unnu ötullega að því að tannlækningar yrðu gerðar gjaldfrjálsar fyrir öll börn og var það skref tekið til fulls og er það vel. Nú er rétt að næsta skref verði tekið og þannig búið um að tannréttingar barna verði einnig gerðar gjaldfrjálsar.

Barnaheill vilja vekja athygli á að tryggja þarf að allar tannréttingar hjá fagmenntuðum tannréttingasérfræðingum verði gerðar gjaldfrjálsar til jafns en tækniframfarir hafa orðið á sviði tannréttinga sem taka verður gildar og tryggja börnum tækifæri til að nýta sér þær. Barnaheillum hafa borist fregnir af því að börnum sé mismunað um niðurgreiðslu á tannréttingum vegna þess að ný tækni hefur enn ekki verið tekin gild hjá sjúkratryggingum. Þess þarf að gæta að jafna aðgengi barna að nýjum aðferðum í tannréttingum og að ekki aðeins börn efnameiri foreldra hafi tækifæri til að nýta sér hana. Og þó að ekki náist að fá fram fulla niðurgreiðslu á tannréttingum þá þarf að hefja niðurgreiðslu á nýrri tannréttingatækni til jafns við eldri aðferðir.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum. Samtökin vekja sérstaka athygli á rétti allra barna til að vera ekki mismunað um aðgang að tækifærum til að nýta sér heilbrigðisþjónustu.